



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagur, 11. júlí, 2011

Ákvörðun nr. 25/2011

Kaup dótturfélags Samherja hf. á aflaheimildum, landvinnslu og tveimur skipum af Brimi hf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Þann 3. maí 2011 barst Samkeppniseftirlitinu svonefnd styttri samrunatilkynning sem lýsir kaupum Snæfells ehf. á aflaheimildum, landvinnslu og tveimur skipum af Brimi hf. (hér eftir Brim). Snæfell ehf. ber nú heitið Útgerðarfélag Akureyringa ehf. (hér eftir ÚA) og er dótturfélag Samherja hf. (hér eftir Samherji). Samrunatilkynningunni fylgdu ýmis fylgigögn.

Í samrunatilkynningunni kemur fram að rekstur hins selda verði í höndum seljanda á meðan Samkeppniseftirlitið fjallar um málið, en óskað var eftir undanþágu frá banni 3. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga við því að samruni komi til framkvæmda á meðan Samkeppniseftirlitið fjallar um hann.

Þann 3. maí bárust einnig gögn frá lögmanni Brims með drögum að ársreikningi Brims fyrir árið 2010.

Samkeppniseftirlitið sendi samrunaaðilum svar við beiðni þeirra um undanþágu frá banni 3. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga með bréfi, dags. 10. maí. Var beiðni samrunaaðila hafnað og um leið óskað eftir lengri samrunatilkynningu til að meta samkeppnisleg áhrif samrunans, en Samkeppniseftirlitinu er heimilt að óska slíkra tilkynninga sbr. 2. mgr. 17. gr. d. samkeppnislaga.

Þann 30. maí sl. bárust Samkeppniseftirlitinu frekari gögn um samrunann, eða ígildi 7. og 8. kafla lengri samrunatilkynningar. Með bréfi, dags. 6. júlí sl., tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að það teldi þörf á frekari rannsókn á samkeppnislegum áhrifum samrunans.

Á þeim tíma sem liðinn er frá því samrunatilkynning var send Samkeppniseftirlitinu hafa átt sér stað samskipti milli samrunaaðila og starfsmanna eftirlitsins. Hefur Samkeppniseftirlitið óskað ýmissa gagna og upplýsinga og hafa samrunaaðilar útbúið þau og sent eftirlitinu, þ.m.t. gögn um hráefnismarkað á Íslandi og um fiskvinnslu og útgerð



við Eyjafjörð. Þá hefur Samkeppniseftirlitið aflað gagna frá fiskmörkuðum og starfsmenn þess átt viðtöl við hagsmunaaðila og kunnáttufólk á sviði fiskvinnslu og útgerðar vegna málsins. Verður vísað til þeirra upplýsinga sem notaðar voru við úrlausn málsins eftir því sem ástæða er til.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting á yfirráðum verður til frambúðar. Er nánar tilgreint í a. til d. liðum 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga í hvers konar aðgerðum samruni getur falist. Í a. lið 1. mgr er sagt að þetta geti gerst vegna samruna tveggja eða fleiri fyrirtækja eða hluta úr fyrirtækjum sem áður störfuðu sjálfstætt.

Samherji er alhliða sjávarútvegsfyrirtæki sem gerir út tuttugu og sex skip víðsvegar um heiminn skv. upplýsingum í ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2009. Samherji á fjölmörg erlend fyrirtæki að hluta eða í heild. Þá á hann stóran hlut í Síldarvinnslunni hf., tiltölulega stóru útgerðarfyrirtæki á Neskaupstað, en þó undir 50%. Einnig á hann hlut í fleiri íslenskum fyrirtækjum. Í samrunatilkynningu kemur fram að Samherji hafi starfrækt fiskvinnslu og ísfisktogaraútgerð á Dalvík og selt afurðirnar í Bretlandi og Frakklandi.

Brim er hlutafélag sem var stofnað árið 1998. Í drögum að ársreikningi fyrir árið 2010 segir að Brim sé *„útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki með fjölbreytilegan rekstur. Félagið ger[i] út sex fiskiskip og rek[i] eina öfluga fiskvinnslu.“* Í samrunatilkynningu kemur fram að landvinnsla Brims hafi starfað með sambærilegum hætti og landvinnsla Samherja og selt afurðir sínar á sömu mörkuðum og Samherji, þ.e.a.s. í Bretlandi og Frakklandi.

Samherji og Brim hafa verið talin í hópi stærstu útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækja á Íslandi. Auk þess að veiða fisk hafa þessi fyrirtæki keypt nokkuð af fiski á íslenskum fiskimörkuðum og lítilsháttar á erlendum fiskimörkuðum. Þá kaupa þau fisk í beinum viðskiptum við aðrar útgerðir. Bæði fyrirtækin selja mest allar afurðir sínar til Evrópu.

Með kaupsamningi, dags. 30. apríl 2011, keypti ÚA tiltekna aflahlutdeildir í þorski, ýsu, steinbít og skarkola auk aflamarks í þorski og ýsu af Brimi. Þá keypti ÚA togarana Sólbak EA-1 og Mars RE-205 af Brimi.

Þá fylgja með í kaupunum allar fasteignir og lóðir við Fiskitanga 4 og Fiskitanga 6 á Akureyri. Enn fremur allur rekstur landvinnslu Brims á Akureyri, en þar eru um 120 manns sagðir starfa. Þá fylgja með allar fasteignir og lóðir seljanda á Laugum í Reykjadal og á Grenivík og rekstur sem þessu fylgir.

Af þessu má ráða að í máli þessu er um að ræða samruna sem felst í því að ÚA, dótturfélag Samherja, eignast aflahlutdeild og aflamark, tvö fiskiskip, fiskvinnslur, fasteignir og rekstur sem áður voru í eigu útgerðarfyrirtækisins Brims. Sá samruni sem um ræðir í máli þessu felst því í samruna Samherja og hluta af Brimi.



III.

Niðurstaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum af samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Samrunaaðilar telja að þeir markaðir sem málið varði séu annars vegar neytendamarkaður með sjávarafurðir í Bretlandi og Frakklandi og hins vegar markaður með hráefni til fiskvinnslu á Íslandi.

Samkeppniseftirlitið taldi nauðsynlegt að huga að fleiri mörkuðum en ofangreindum við úrlausn málsins, og óskaði eftir upplýsingum frá samrunaaðilum um fiskvinnslu og útgerð við Eyjafjörð og ræddi auk þess við aðila sem starfa á þessum mörkuðum á því landssvæði og kunnáttufólk í greininni.

Samrunaaðilar sendu Samkeppniseftirlitinu gögn um hráefnismarkað fyrir bolfisk á Íslandi þar sem m.a. kemur fram að drjúgur hluti þess fisks sem veiddur er sé seldur á fiskimörkuðum og fluttur þaðan í aðra landshluta til vinnslu þar. Þannig sýnir tafla sem fylgir með greinargerðinni t.d. að aðeins um 55% þess þorskafla sem kemur á land á Vestfjörðum sé unninn í landshlutanum og um 65-70% þess þorskafla sem komi á land á Norðurlandi eystra unninn á því svæði. Halda samrunaaðilar því fram að vegna mikilla viðskipta á fiskimörkuðum sé hráefnismarkaður með fisk á Íslandi ein heild.

Samrunaaðilar sendu Samkeppniseftirlitinu töluleg gögn um útgerð og fiskvinnslu við Eyjafjörð. Samkvæmt þeim starfa um fimm hundruð manns við fiskvinnslu á því svæði og dreifist starfsemin á þéttbýlisstaðina Akureyri, Dalvíkurbyggð, Fjallabyggð og Grenivík. Þá eru 78 fiskiskip á svæðinu sem fengu úthlutað aflamarki.

Tafla 1. Fjöldi starfsmanna í fiskvinnslu, fjöldi skipa og úthlutað þorskígildistonn á Eyjafjarðarsvæðinu 2010 – 2011.¹

	Fjöldi starfsmanna við fiskvinnslu	Fjöldi skipa	Úthlutað þorskígildistonn 2010-2011
Akureyri	135	37	21.677
Dalvíkurbyggð	250	12	10.119
Fjallabyggð	85	23	10.719
Grenivík	38	6	5.113
Samtals	508	78	47.628

¹ Heimild: Gögn frá samrunaaðilum, sem unnin voru upp úr gögnum Fiskistofu, og við skoðun heimasíðna félaga, auk þess sem notaðar voru munnlegra heimilda, þ.m.t. símtala við eigendur. Aðeins voru talin með skip og bátar sem fengu úthlutað aflamarki. Í þessum tölum teljast Hrisey og Grímsey með Akureyri.



Fjöldmörg fyrirtæki starfa á sviði útgerðar, fiskvinnslu eða á báðum þessum sviðum samtímis, líkt og Brim og Samherji gera. Samtals er hér um að ræða 56 fyrirtæki, þar af 41 fyrirtæki sem starfa eingöngu á sviði útgerðar.

Tafla 2. Útgerðarfélag og fiskvinnslur á Eyjafjarðarsvæðinu.²

	Fiskvinnsla	Útgerð	Útgerð og fiskvinnsla	Samtals fyrirtæki
Akureyri	1	18	3	22
Dalvíkurbyggð	4	8	1	13
Fjallabyggð	1	12	3	16
Grenivík	1	3	1	5
Samtals	7	41	8	56

Samtals telst sameinað fyrirtæki Brims og ÚA (Samherja) eiga aðeins 7 skip á Eyjafjarðarsvæðinu samkvæmt þessum gögnum, en 78 skip fengu úthlutað aflamarki á þessu svæði fyrir árið 2010 – 2011.

Tafla 3. Úthlutað þorskígildistonn 2010 – 2011.³

Úthlutað þorskígildistonn 2010 - 2011	Akureyri	Dalvíkurbyggð	Fjallabyggð	Grenivík	Samtals	%
Önnur félag	2.555	605	10.719	5.113	18.992	40%
Samherji	13.222	9.514			22.736	48%
Brim / ÚA	5.900				5.900	12%
Grand Total	21.677	10.119	10.719	5.113	47.628	100%

Stærstu útgerðarfyrirtækin á þessu svæði eru Samherji, Brim og Rammi ehf., útgerðarfyrirtæki á Siglufirði í Fjallabyggð. Eins og áður segir starfa rúmlega 500 manns á Eyjafjarðarsvæðinu við fiskvinnslu. Drjúgur hluti þessa hóps starfar hjá Samherja eða hjá Brimi. Í frystihúsum fyrirtækjanna á Dalvík og á Akureyri starfa rúmlega hundrað manns á hvorum stað. Þá fer fram þurrkun á hausum og hryggjum á tveimur stöðum á vegum fyrirtækjanna, á Dalvík og Laugum í Reykjadal og starfa 15 – 20 manns á hvorum stað, samkvæmt samrunatilkynningu. Í bréfi Samherja til Samkeppniseftirlitsins, dags. 27. júní sl. kemur fram að ætlun Samherja sé að reka þessar vinnslur áfram með sama sniði og verið hefur, en þó að ná fram ákveðinni hagræðingu með kaupunum.

Þá ber að líta til þess að í 13. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða er tiltekið sérstaklega að aflahlutdeild fiskiskipa í helstu fiskitegundum í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila, sæti lögbundnu hámarki sem sé á bilinu 12 – 35% eftir einstökum fiskitegundum. Í 2. mgr. sömu greinar kemur jafnframt fram að samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila, megi ekki nema meira en 12% af heildarverðmæti aflahlutdeildar allra tegunda sem sæti ákvörðun um leyfðan hámarksafli samkvæmt lögnum. Fari aflahlutdeild yfir þau mörk sem tilgreind séu í 13. gr. laganna beri að tilkynna Fiskistofu, sem hafi eftirlit með framkvæmd laganna, um slíkt. Ber aðila þá að

² Heimild: Gögn frá samrunaaðilum.

³ Heimild: Gögn frá samrunaaðilum.



koma aflahlutdeildinni niður fyrir heimiluð mörk, sbr. nánar í 14. gr. laganna. Hafa þessi ákvæði að sögn samrunaaðila verið talin leiða til þess að markaðsráðandi staða geti ekki skapast þegar kemur að veiðum eða vinnslu á helstu fisktegundum á Íslandi. Í máli þessu er um að ræða viðskipti með veiðiheimildir sem að mati Samkeppniseftirlitsins nema samtals um 1,5% af heildarverðmæti aflamarks allra tegunda sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla, sbr. 13. og 19. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða. Samkvæmt upplýsingum frá samrunaaðilum mun heildarhlutdeild Samherja eftir viðskiptin nema innan við 9% heildarhlutdeildar innan lögsögunnar og innan við 10% heildarhlutdeildar innan og utan lögsögunnar. Hlutur Samherja í leyfilegum hámarksafla af þorski verður 10%, en leyfilegur hámarkshlutur nemur 12%. Hlutur félagsins í hámarksafla af ýsu verður á milli 5 og 6% en leyfilegur hámarkshlutur nemur 20%.

Bæði Samherji og Brim kaupa fisk á fiskmörkuðum héraendis og samkvæmt upplýsingum í samrunatilkynningu keyptu fyrirtækin samtals innan við 5% af heildarframboði á íslenskum uppboðsmörkuðum á árinu 2010. Fyrirtækin selja einnig fisk á fiskmörkuðum í óverulegum mæli. Þau selja afurðir sínar fyrst og fremst á erlendum mörkuðum. Þá kaupa fyrirtækin fisk í beinum viðskiptum við útgerðir. Þau hafa einnig í litlum mæli keypt innfluttan fisk og fisk úr fiskeldisstöðvum. Um 2/3 alls fisks sem fyrirtækin vinna úr hefur að jafnaði á undanförunum árum verið afli þeirra eigin skipa, en afgangurinn að mestu fiskur sem keyptur hefur verið á markaði og keyptur í beinum viðskiptum, samkvæmt gögnum frá samrunaaðilum. Upplýsingar sem Samkeppniseftirlitið hefur aflað hafa staðfest mikilvægi fiskmarkaðanna og að nokkru leyti það mat samrunaaðila að vegna þeirra megi líta á hráefnismarkað á Íslandi sem eina heild.

Samkvæmt upplýsingum sem Samkeppniseftirlitið hefur aflað eru aðföng fyrir útgerðir að verulegu leyti seld á mörkuðum sem myndu afmarkast landfræðilega ýmist við Ísland eða jafnvel við stærra svæði. Þannig sé landsmarkaður um viðhald togara, bæði hvað varðar vélarbúnað og raftækja- og fiskileitarbúnað sem og hefðbundið viðhald sem fram fer í slipp. Þá starfa olíufélögin sem selja olíu á skipin á landsvísu.

Athugun Samkeppniseftirlitsins hefur ekki leitt í ljós nein atriði sem benda til þess að sá samruni sem felst í kaupum Samherja hf. á aflaheimildum, fasteignum, landvinnslu og tveimur skipum af Brimi hf. sé líklegur til að valda röskun á samkeppni hér á landi. Í ljósi þessa og með hliðsjón af gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

Ákvörðunarorð:

„Með kaupsamningi, dags. 30. apríl 2011, keypti Snæfell ehf., dótturfélag Samherja hf., aflaheimildir, landvinnslu og tvö skip af Brimi hf. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Guðmundur Sigurðsson